

Djúpavogshreppur
b.t. Gauti Jóhannesson
Bakki 1
765 Djúpivogur

Tilvísun: 9.740.602

2.júní 2020

Varðandi: Umsókn um framkvæmdaleyfi Djúpavogur ljósleiðari í dreifbýli

Orkufjarskipti og Djúpavogshreppur áforma að leggja ljósleiðara í Djúpavogshreppi. Annars vegar í sunnanverðum Berufirði, þ.e. á milli rafmagnstengivirkis við Teigarhorn að landtengingu við sjó utan við Framnes, sjá mynd 1. Og hins vegar á milli frá Stekkjarhjáleigu í Hamarsfirði að sveitarfélagamörkum í Álftafirði, sjá myndir 2 - 3.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að byggja upp ljósleiðarkerfi Orkufjarskipta og tengja dreifbýli Djúpavogshrepps við ljóslögn.

Hér með er óskað eftir leyfi til framkvæmda við lagningu ljósleiðara í sunnanverðum Berufirði, þ.e. á milli rafmagnstengivirkis við Teigarhorn að fyrirhugaðri landtengingu utan við Framnes. Og svo aftur á milli Stekkjarhjáleigu í Hamarsfirði að sveitarfélagamörkum í Álftafirði.

Lýsing framkvæmdar

Landtak um sæstreng fyrir nýjan ljósleiðara er utan við Framnes í sunnanverðum Berufirði.

Áætluð lega ljósleiðara innan friðlýsta svæðisins við Teigarhorn er sýnd á mynd 1. Ljósleiðari verður lagður inn á hið friðlýsta svæði við bæinn Kápugil og er lagnastæðið eftir túnnum og með núverandi vatnslögn að tengivirki við Teigarhorn.

Lengd ljósleiðara innan friðslýsta svæðisins er rúmlega 1.800 m, um 1.500 m stofnstreng og um 300 m heimtaugar að Kápugili og Teigarhorni. Ljósleiðarinn er að mestu innan svæðis sem friðlýst er sem fólkvangur, eða tæplega 1.800 m. Ljósleiðara heimtaug að Teigarhorni er um 100 m innan þess svæðis sem friðlýst er sem náttúruvætti, sjá mynd 2.

Ljósleiðarastrengur plægður og fleygður eftir því hvernig land er farið um. Áhersla lögð á að ummerki verði sem minnst og að valda sem minnstum spjöllum á landinu.



Mynd 1 Loftmynd sem sýnir legu ljósleiðara í sunnanverðum Berufirði sem rauðar- og bláar línur.



Mynd 2. Hamarsfjörður. Loftmynd sýnir fyrirhugaða legu ljósleiðara frá Stekkjarhjálegu að Melrakknesi.



Mynd 3. Álftafjörður. Loftmynd sýnir fyrirhugaða legu ljósleiðara frá Melrakkanesi að sveitarfélagamörkum í Álftafirði.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Djúpavogshrepps og Orkufjarskipta

Ari Benediktsson

Mannvit hf.

Reyðarfirði